

Nr. 11/1885.

Kaupfjelag Þingeyinga
 gegn
 hreppsnefnd Húsavíkur-
 hrepps.

Dómur:

Með stefnu, dagsettri 23. marz þ. á., hefur svo-
 nefnt „kaupfjelag Þingeyinga“ áfrýjað til landsyfir-
 dómsins lög taki, er gjört var í húseign fjelagsins á
 Húsavík 23. okt f. á., fyrir óloknu tveggja ára auka-
 útsvari, og uppboðsgjörð, sem framför 20. nóvbr. næst
 á eptir á hinni lögteknu húseign, og hefur áfrýjand-
 inn krafzt, að hvortveggja áminnstra gjörða verði
 dæmd ómerk, og hinir stefndu hreppsnefndarmenn
 Húsavíkur-hrepps verði skyldaðir til in solidum
 að greiða áfrýjanda 2000 kr. í skaðabætur og máls-
 kostnað eptir mati yfirdómsins. Hinir stefndu hrepps-
 nefndarmenn, sem hafa fengið gjafsókn og skipaðan
 talsmann fyrir yfirdóminum, hafa aptur krafzt, fyrst
 og fremst, að málinu verði vísað frá yfirdóminum, og
 til vara, að þeir verði dæmdir sýknir af kærnum og kröf-
 um áfrýjandans, en hver sem niðurstaðan verður, að
 áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða málskostnað
 eins og málið ekki væri gjafsóknarmál, þar með tal-
 in málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns þeirra.

Það lögtaðsgjörð sú og uppboðsgjörð, sem hjer
 er áfrýjað, eru framkvæmdar af hlutaðeigandi hrepps-
 stjóra, en gjörðir hreppstjóra ekki liggja undir lands-
 yfirdóm til áfrýjunar, þá ber að taka aðalkröfu hinna
 stefndu til greina og vísa málinu frá yfirdóminum,
 sem og að skylda áfrýjandann til að greiða allan
 kostnað af áfrýjun málsins eins og það ekki hefði

verið gjafsóknarmál, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns, sem ákveðast 20 krónur.

Að því leyti sem málið er gjafsóknarmál vottast, að vörn þess fyrir yfirdómi hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Afrýjandinn, stjórnarnefnd kaupfélags Þingeyinga, greiði allan löglegan kostnað af málinu eins og það væri ekki gjafsóknarmál, þar með talið 20 kr. í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns hinna stefndu, yfirkennara H. Kr. Friðrikssonar.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 28/1885.

Valgarður Breiðfjörð
gegn
Júlíusi Schou.

Dómur:

Áfrýjandinn, Valgarður Breiðfjörð, hefur ekki, eins og boðið er í laganna 1—6—10, í þessu máli lagt fram fullkomnar hjeraðsdómsgjörðir, þar sem í þær vantar sjálfan dóminn, er að eins hefur verið lagður fram sem einfalt eptirrit af dómabókinni. Ber því ex officio að vísa málinu frá yfirdóminum, og verður samkvæmt þessum úrslitum og kröfu hins stefnda að skylda áfrýjandann til að greiða hinum stefnda kost og tæring, er skal ákveðið 6 krónur.